

Mál nr. 10
Höttur
gegn
Fjarðarbyggð

Kæra Hattar
Dómkröfur

Þess er krafist að viðurkennt verði að KFF hafi verið með ólöglegan leikmann í leik við Hött, í Íslandsmóti, 2. flokkur karla, C2 deild, mánudaginn 31. júlí, 2006, kl 20.00, á Vilhjálmsvelli, og leikurinn verði dæmdur sem sigurleikur Hattar, 3-0.

Málavextir

Kl. 20:00, mánudaginn 31. júlí sl. fór fram leikur Hattar og KFF í 2.flokki karla. Í liði KFF kom inná leikmaðurinn Einar Jón Axelsson kt 111288-3059. Leikmaðurinn fékk hinsvegar ekki leikheimild fyrr en 1.ágúst sl.

Lagareglur: Í reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna er eftirfarandi texti um félagaskipti innanlands.

FÉLAGASKIPTI INNANLANDS

A. ALMENN ÁKVÆÐI

1. Hlutgengir til þátttöku í knattspyrnumótum eru leikmenn, sem gerst hafa félagar í því félagi sem þeir keppa með, eigi síðar en **degi áður** en kappleikur fer fram. Kjósi leikmaður að skipta um félag er hann hlutgengur með nýja félaginu degi eftir að fullfrágengin tilkynning um félagaskiptin hefur verið móttækin af skrifstofu KSÍ, sbr. A5 og greinar B1 og B2 hér að neðan, og gefið hefur verið út keppnisleyfi fyrir hann.

Í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, **grein 4.3.** segir að:

4. 3. Ólöglega skipað lið

1 Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann, þjálfara, eða forystumann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða.

Rök

Rök kæranda eru einfaldlega þau að Einar Jón Axelsson kt. 111288-3059, leikmaður nr 15 á skýrslu hjá KFF í umræddum leik hafi ekki verið kominn með leikheimild með KFF fyrr en degi eftir að leikur Hattar og KFF í 2.flokki karla fór fram.

Gögn

Kærandi leggur fram afrit af leikskýrslu úr leik Hattar og KFF í 2.flokki karla frá 31.júlí sl., og auk þess útprentun af heimasíðu KSÍ um leikheimild Einars Jóns Axelssonar.

Vitni

Kærandi telur ekki þörf á því að leiða vitni í málinu, nema ef málatilbúnaður kærða gefur tilefni til þess.

Virðingarfyllst.

F.h. Hattar.

Árni Ólason formaður Knattspyrnudeildar Hattar

F.h. Hattar rekstrarfélags.

Pétur F. Gíslason formaður 2.flokksráðs.

Greinargerð Fjarðarbyggðar

Ég get ekki séð betur en að þetta sé rétt og að umræddur leikmaður hafi ekki fengið heimild fyrr en 1/8/2006.

KFF óskar eftir því að KSÍ fari yfir öll gögn er snúa að félagaskiptum leikmannsins og komi í ljós að Höttur fari með rétt mál viðurkennir KFF að hafa notað ólöglegan leikmann í umræddum leik

Virðingarfyllst
Karl Már Einarsson

Úrskurður dómstóls KSÍ

Ár 2006, mánudaginn 14. ágúst er dómsþing Knattspyrnudómstóls KSÍ háð af Halldóri Frímannssymi

Fyrir er tekið:

Mál nr. 10/2006

Knattspyrnudeild Hattar

gegn

Knattspyrnufélagi Fjarðarbyggðar

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

DÓMUR

I

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 4. ágúst 2006. Kærandi er Knattspyrnudeild Hattar, kt. 420786-1159, Skógarlöndum, Egilsstöðum. Kærði er Knattspyrnufélag Fjarðarbyggðar, kt. 480702-3010, Strandgötu 46, Eskifirði.

Málinu var úthlutað undirrituðum dómara í dómstól KSÍ þann sama dag.

Kært er vegna leiks liðanna sem fram fór í Íslandsmóti, 2. flokk karla, C2 deild, mánudaginn 31. júlí s.l. kl 20.00, á Vilhjálmsvelli heimavelli kæranda. Úrslit leiksins voru 2-2.

Dómkröfur kæranda: "Þess er krafist að viðurkennt verði að KFF hafi verið með ólöglegan leikmann í leik við Hött, í Íslandsmóti, 2. flokkur karla, C2 deild, mánudaginn 31. júlí, 2006, kl 20.00, á Vilhjálmsvelli, og leikurinn verði dæmdur sem sigurleikur Hattar, 3-0."

II

Atvik máls, málsástæður og lagarök

Kærandi greinir svo frá málsástæðum í kæru: "Kl. 20:00, mánudaginn 31. júlí sl. fór fram leikur Hattar og KFF í 2.flokki karla. Í liði KFF kom inná leikmaðurinn Einar Jón Axelsson kt 111288-3059. Leikmaðurinn fékk hinsvegar ekki leikheimild fyrr en 1. ágúst sl."

Kærandi vísar til reglugerðar KSÍ um félagaskipti leikmanna innanlands A. 1. lið. þar sem segir: Hlutgengir til þátttöku í knattspyrnumótum eru leikmenn, sem gerst hafa félagar í því félagi sem þeir keppa með, eigi síðar en degi áður en kappleikur fer fram. Kjósi leikmaður að skipta um félag er hann hlutgengur með nýja félaginu degi eftir að fullfrágengin tilkynning um félagaskiptin hefur verið móttekin af skrifstofu KSÍ, sbr. A5 og greinar B1 og B2 hér að neðan, og gefið hefur verið út keppnisleyfi fyrir hann."

Kærandi vísar jafnframt til reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót, grein 4.3., 1. tl. um ólöglega skipað lið, þar sem segir: "Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann, þjálfara, eða forystumann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða."

Kærandi leggur fram leikskýrslu fyrir umræddan leik og útprentun af vef KSÍ yfir félagaskipti umrædds leikmanns.

Kærða var gefinn kostur á að skila inn greinargerð í málinu 8. apríl s.l. Samdægurs barst svar frá kærða með tölvupósti. Svar kærða er orðrétt eftirfarandi: "Ég get ekki séð betur en að þetta sé rétt og að umræddur leikmaður hafi ekki fengið heimild fyrr en 1/8/2006. KFF óskar eftir því að KSÍ fari yfir öll gögn er snúa að félagaskiptum leikmannsins og komi í ljós að Höttur fari með rétt mál viðurkennir KFF að hafa notað ólöglegan leikmann í umræddum leik."

Dómari óskaði eftir því við starfsmann KSÍ, Ragnheiði Elfasdóttur, að hún staðfesti frá hvaða tíma Einar Jón Axelsson væri með gilda leikheimild til þess að spila með liði kærða. Skv. skráningu KSÍ er hann með gilda leikheimild frá 1. ágúst 2006.

III

Niðurstaða

Við skoðun á kærugögnum framangreinds leiks hefur dómari komist að þeirri niðurstöðu að beita megi ákvæðum 8. greinar laga um dómstóla KSÍ varðandi flýtimeðferð. Var kærða gefinn kostur á að tjá sig um kæruefni sem hann og gerði eins og fram kemur hér að framan.

Upplýst er í málinu og viðurkennt af hinu kærða félagi að leikmaðurinn Einar Jón Axelsson var ekki með leikheimild með hinu kærða félagi fyrr en 1. ágúst. s.l.. Hann lék umræddan leik gegn kæranda þann 31 júlí 2006.

Kröfur kæranda eru því teknar til greina. Framangreindur leikmaður var ólöglegur samkvæmt 1. tl. A-liðar í reglugerð KSÍ um félagaskipti og dæmist leikurinn tapaður hinu kærða félagi 3-0 samkvæmt 4.3. gr. 1. tl. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

Auk þess ber hinu kærða félagi að greiða sekt að fjárhæð kr. 7.500.- til KSÍ vegna framangreinds brots sbr. 4.3. gr. 3. tl. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Halldór Frímansson kveður upp dóm þennan.

DÓMSORÐ

Höttur dæmist hafa unnið leik gegn Knattspyrnufélagi Fjarðarbyggðar sem fram fór í Íslandsmóti, 2. flokkur karla, C2 deild, mánudaginn 31. júlí, 2006, kl 20.00, á Vilhjálmsvelli með markatölunni 3-0. Knattspyrnufélagið Fjarðarbyggð skal greiða sekt að fjárhæð kr. 7.500,- til KSÍ.

Halldór Frímansson